



Umboðsmaður barna
Salvör Nordal, umboðsmaður barna
Kringlunni 1
103 Reykjavík

HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík
sími: 545 8700 hrn@hrn.is
stjornarradid.is

Reykjavík 6. júní 2019
Tilv.: HRN19020057/05.45

Efni: Aðgangur barna að þjónustu talmeinafræðinga

Vísað er til erindis Umboðsmanns barna frá 8. febrúar sl. þar sem óskað er eftir upplýsingum frá heilbrigðisráðuneytinu um fyrirkomulag þjónustu talmeinafræðinga við börn. Í gildi er samkomulag milli velferðarráðuneytisins (nú heilbrigðisráðuneytis) og Sambands íslenskra sveitarfélaga um skiptingu ábyrgðar vegna talmeinaþjónustu við börn. Samkomulagið varðar börn á leik- og grunnskólaaldri með framburðarfrávik, málþroskafrávik og stam. Í 5. gr. fyrrgreinds samkomulags er kveðið á um hvernig skiptingu milli ríkis og sveitarfélaga skuli hártað í viðmiðunartöflu.

Samkvæmt samkomulaginu er það hlutverk sveitarfélaga að sinna greiningu og ráðgjöf, sbr. reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum, nr. 584/2010, með síðari breytingum. Einnig að sinna grunnþjónustu og veita þjónustu vegna barna með framburðarfrávik, málþroskafrávik og stam, sbr. 5. gr. samkomulags.

Samkvæmt samkomulaginu er það hlutverk ráðuneytisins að sinna talmeinaþjónustu á grundvelli sjúkratrygginga. Sjúkratryggingar taka til nauðsynlegrar talmeinaþjónustu við sjúkratryggð börn í samræmi við reglugerð um greiðsluþáttöku sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu nr. 1251/2018. Sjúkratryggingar taka til kostnaðar við nauðsynlega talþálfun vegna barna með framburðarfrávik, málþroskafrávik og stam miðað við fyrrgreinda reglugerð að teknu tilliti til skiptingar ábyrgðar milli ríkis og sveitafélaga, sbr. 5. gr. samkomulags.

Miklu máli skiptir að börn með tal- og/eða málhömlun fái viðeigandi sérfræðiþjónustu. Skortur á talmeinafræðingum hefur verið viðvarandi í langan tíma en á síðustu árum hefur þó verið gripið til aðgerða til að reyna að sporna við þeim vanda. Nemum í talmeinafræði hefur fjölgað sem og útskrifuðum talmeinafræðingum. Fjölgun talmeinafræðinga hefur þó ekki haldið í við vaxandi eftirspurn þó staðan sé í dag betri en hún var. Sveitarfélög hafa sinnt þessum málaflokki með mismunandi hætti. Höfuðborgarsvæðið og stærstu sveitarfélögum hafa getað ráðið til sín talmeinafræðinga í ríkari mæli eftir því sem framboð hefur aukist en minni sveitarfélögum á landinu hefur ekki gengið jafn vel. Heyrnar- og talmeinastöðin hefur verið þeim sveitarfélögum til stuðnings. Samkvæmt upplýsingum frá Heyrnar- og talmeinastöðinni er það þó orðið mun sjaldgæfara að sveitarfélög þurfi á þessum stuðning að halda.

Heyrnar- og talmeinastöðin sinnir ákveðnum forgangshópi, þ.e. þeim börnum sem þurfa á mestri þjálfun að halda. Stöðin hefur að auki lagt áherslu á að sinna starfsnámi fyrir nema í talmeinafræði og hefur af þeim sökum möguleika á að sinna jafnframt hópi barna með umfangsminni vanda. Sú aðstoð felst í greiningu og grunnaðstoð á meðan börnin eru á biðlista hjá talmeinafræðingi.

Ljóst er að útskrifuðum talmeinafræðingum mun halda áfram að fjölda og með þeim hætti á að vera hægt að þjónusta þennan viðkvæma hóp betur og stytta biðtíma. Núverandi fyrirkomulag um

skiptingu ábyrgðar milli ríkis og sveitarfélaga hefur ekki verið í endurskoðun hjá ráðuneytinu.

Fyrir hönd heilbrigðisráðherra

Elsa Friðfinnsdóttir

Elsa B. Friðfinnsdóttir

Anna B. Ómarsdóttir

Anna Birgit Ómarsdóttir